

Efnisskrá:

Karlakórrinn Stefnir

Söngurinn

Lag: Carl F. Zeller Ljóð: Freysteinn Gunnarsson

Nú sefur jörðin sumargræn

Lag: Þorvaldur Blöndal Ljóð: Davíð Stefánsson

Ágústnótt

Lag: Oddgeir Kristjánsson Ljóð: Ární úr Eyjum

Erla

Lag: Pétur Sigurðsson Ljóð: Stefán frá Hvítadal

Karlakórrinn Söngbræður

Hvar sem liggja mín spor

rússneskt þjóðlag höfundur ljóðs óþekktur

Veiðimannakórrinn

Carl Maria von Weber

Lady fish and chips

enskt lag

Ef þú ert mér hjá

Lag og ljóð: Magnús Eirksson

Sem lindin tær

Casano Conty

höfundur ljóðs óþekktur

höfundur ljóðs óþekktur

Jónas Árnason

Magnús Eirksson

Bjarki Ákason (Einsöngur Snorri Hjálmarsson)

Kvennakór Akureyrar

Haust á Akureyri

Lag: Birgir Helgason Ljóð: Örn Snorrason radds: Daniel Þorsteinsson

Söngur Jarðar

Lag: Frode Fjellheim & þjóðlag frá Slesiu Ljóð Frode Fjellheim og Mattias Jochumsson

Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson Ljóð: Jóhannes úr Kötlum radds: Daniel Þorsteinsson

Norskur þríleikur

Norsk þjóðög í útsetningu Margaret King:

I God morgen Ola Reppom,

II Ned i vester soli glader (Einsöngur Hólmfríður Þorsteinsdóttir),

III Ekorn gjekk på volln og slo

Karlakór Kópavogs

Fjallið Skjaldbreiður

Lag: J.H. Stuntz Texti: Jónas Hallgrímsson

Sveinar kátir syngja

Lag: Ludvig Spohr Texti: Bjarni Jónsson

Þei þei og ró ró

Lag: Björgvin Guðmundsson Texti: Guðmundur Björnsson

Skarphéðinn í brennunni

Lag: Helgi Helgason Texti: Hannes Hafstein

Allir

To be grateful

Lag og ljóð: Magnús kjartansson

Yfir voru ættarlandi

Lag: Steingrímur Thorsteinsson Ljóð: Sigfús Einarsson

Ísland ögrum skorið

Lag: Eggert Ólafsson Ljóð Sigvaldi Kaldalóns



Söngurinn í MOSÓ 2014

Íþróttahúsið að Varmá—laugardaginn 8.nóvember - kl. 16:00

Karlakórrinn Söngbræður

Stjórnandi: Viðar Guðmundsson

Meðleikari: Heimir Klemenzson

Kvennakór Akureyrar

Stjórnandi: Daniel Þorsteinsson

Karlakór Kópavogs

Stjórnandi: Garðar Cortes

Meðleikari: Hólmfríður Sigurðardóttir

Karlakórrinn Stefnir

Stjórnandi: Árni Heiðar Karlsson

Karlakórinn Stefnir var stofnaður þann 15. janúar 1940. Fyrsta söngkemmtunin var að Brúlandi í Mosfellssveit 7. febrúar það ár. Stofnfélagar voru 20. Kórinn hefur starfað af nokkrum þrótti flest þessi ár og haft mikla breidd í verkefnavali, allt frá léttum slögurum upp í sígilda tónlist eftir Mozart, Wagner, Beethoven og Liszt. Stefnir hefur gefið út two hljómdiska, Með söngvaseið á vörum árið 1996 og Stefnumót árið 2002. Kórinn hefur ferðast nokkuð, bæði innanlands og utan. Hefur Stefnir farið í nokkrar utanlandsferðir, til Kanada, Danmerkur og Noregs. Til Austurríkis og Ungverjalands 1997 þar sem flutt var Sálumessa eftir Frans Liszt í fæðingarborg tónskáldsins, Budapest, og einnig í Vínarborg. Í júlí 2002 fór Stefnir til Llangollen í Wales þar sem kórinn tók þátt í árlegu kóramóti þar. Í lok maí 2007 fór kórinn í ferð til St. Pétersborgar í Rússlandi þar sem tekið var þátt í norrænni tónlistarhátið en einnig var sungið í Helsinki í Finnlandi, júní 2013 sóttum við frændur okkar Færeyinga heim. Stefnir hefur alla tíð notið velvildar bæjaryfirvalda í Mosfellsbæ, bæði hvað varðar fjárhagslegan stuðning og aðstöðu til æfinga. Í júní árið 2000 hlaut Karlakórinn Stefnir starfsstyrk til menningarmála árið 2000, og þar með særðarheitið: Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2000.

Stjórnandi kórsins er Árni Heiðar Karlsson og formaður Ingvi Rúnar Guðmundsson.

Karlakórinn Söngbræður hefur starfað frá haustinu 1978, fyrst í stað sem um það bil þrefaldur kvartett. Fyrstu árin gekk sönghópurinn, þá enn nafnlaus, hægum og hikandi skrefum út í lífið en efldist smám saman að fjölda og getu, jafnframt því sem félagssvæði hópsins stækkaði. Áhrifasvæði hans breiddist út um Borgarfjörð og vestur Mýrar, um Dali og allt norður á Strandir sem og suður um Akranes og jafnvel til Reykjavíkur. Margir félagar leggja því á sig langar reisur til þess að komast á æfingar. Segir það sitt um félagsskapinn. Fyrsti söngstjórninn var Sigurður Guðmundsson, bóndi og organisti á Kirkjubóli í Hvítársíðu. Án framlags hans hefði ekki orðið úr þessu starfi. Þegar sýnt þótti að flokkurinn yrði meira en stundarfyrirbæri tók hann sér nafnið **Söngbræður**, og vottaði með því virðingu sína „söngfjelaginu Bræðurnir“, sem Bjarni Bjarnason frá Skáney í Reykholtsdal stofnaði vorið 1915 og stýrði um áratugaskeið fram undir miðja öldina. Það var hinn fyrsti karlakór sem í Borgarfjarðarhéraði starfaði. Kórinn hefur komið fram við fjölmörg tækifæri hérlandis en auchess hefur kórinn farið í tónleikaferðir til Íslands, Póllands, Tékklands og Austurríkis. Árið 1999 gaf kórinn út hljómdiskinn „Vorvindar“ með söng kórsins, sýnishornum úr söngskrám áranna þar á undan, en frá árinu 1994 hafði Jacek Tosik-Warszawiak stjórnað kórnum. Síðustu árin hefur Viðar Guðmundsson bóndi og tónlistarmaður á Miðhúsum í Kollafirði stjórnað honum. Kórinn hefur ekki látið sér nægja að flytja sígild karlakórsverk heldur í vaxandi mæli flutt tónlist af öðrum toga.

Kvennakór Akureyrar var stofnaður á vordögum 2001. Í kórnum starfa nú að jafnaði um 60 konur frá Akureyri og nærsveitum. Frá haustinu 2014 er formaður kórsins Arnfríður Kjartansdóttir og stjórnandi frá því í janúar 2009 er Daníel Þorsteinsson.

Kórinn gaf út sinn fyrsta geisladisk vorið 2008 og ber hann nafnið „Sólardans á vori“. Kórinn heldur um það bil þrenna tónleika á ári og tekur auk þess að sér að syngja við hvers kyns tækifæri. Lagavalið er fjölbreytt, ættjarðarkvæði og sálmar eru sungnir í bland við rokkslagara og söngleikjalög.

Árið 2005 fór kórinn í söngferðalag til Sloveníu. Kvennakór Akureyrar hélt til Eistlands árið 2008 og hélt þar ferna tónleika auk þess að koma fram á sönghátið í Tallin. Sumarið 2012 fór kórinn í söngför til Kanada og söng á hátíðatónleikum á Íslendingadeginum í Gimli og Riverton, einnig söng kórinn í Minneapolis og um borð í fljótabát á Mississippi.

Kvennakór Akureyrar hélt vel heppnað landsmóti íslenskra kvennakóra í maí 2014, þar sem 600-700 syngjandi glaðar konur í 20 kórum af öllu landinu komu saman og einnig gestakór frá Noregi. Má með sanni segja að þakið hafi lyfst af Hofi.

Framtíðin er björt hjá kórnum og margt spennandi framundan hjá okkur í KvAK.

KARLAKÓR KÓPAVOGS var stofnaður 16. október 2002. Kórinn er því ungr að árum og því enn að slíta barnsskónum. Framan af var kórinn fámennur en hefur vaxið ásmegin undanfarin ár og nú er svo komið að starfandi félagar eru rúmlega 60 talsins. Karlakór Kópavogs æfir að jafnaði einusinni í viku og hefur svo reglulegar æfingahelgar til viðbótar yfir veturninn. Vortónleikar kórsins eru árvissir í Salnum í Kópavogi og aðrar uppákomur og verkefni tilfallandi, sem aðventutónleikar og sameiginlegir tónleikar með öðrum kórum. Auk þess syngur kórinn við margvíslegar aðrar uppákomur t.d. á karlakóramótum og fyrir Kópavogsbæ. Árlega hefur kórinn staðið fyrir jólatrjáasölu í aðventunni. Kórinn er aðili að SIKK, Sambandi íslenskra karlakóra. Heimasíða kórsins er www.karlakor.com. Formaður er Jakob Líndal jakob@karlakor.com.

Stjórnandi kórsins er Garðar Cortes og píanóleikari er Hólmfríður Sigurðardóttir.